

Hafnarfirði, 30. október 2020

Vorhreinsun minnisblað vegna Covid 19

Síðustu vikur og mánuði hafa reynst okkur öllum erfið bæði í vinnu, leik og starfi eins og sagt er. Við hérna í þjónustumiðstöðinni skiptum okkar starfsemi upp í tvær starfsstöðvar. Nauðsynleg svokölluð rútínuverkefni og lögbundin verkefni sveitarfélagsins hafa verið unninn og hefur sú vinna gengið bara nokkuð vel miðað við þessar erfiðu aðstæðursem við öll búum við. Allir þurfa samt sem áður að vera á tánum ekki síst stjórnendur til að passa upp á allar reglur sem hafa verið kynntar og vinna þarf eftir sökum faraldursins.

Vorhreinsun er verkefni sem starfsmenn þjónustumiðstöðvar hafa sinnt síðastliðin ár eins og allir þekkja, sú vinna felst í því að fjarlægja garðaúrgang frá íbúum bæjarins. Þessi úrgangur hefur verið í formi trjáknippa þ.e.a.s. greinar sem hafa verið bundnar saman og síðan hefur garðaúrgangur verið fjarlægður sem íbúar hafa sett í poka oft plastpoka (hversu umhverfisvænt er það?). Á þessum tímum faraldursins sem við lifum nú á teljum við ekki forsvaranlegt að bjóða upp á álíka þjónustu. Það getur aukið mjög á smithættu starfsmanna við að vera að vinna í úrgangi frá íbúum bæjarins og sett þá og þeirra nánustu í hættu við að fá veiruna. Starfsmenn eru að fjarlægja þessar trjágreinar og plastpoka með höndum og setja upp á vinnubíla. Það sjá það allir að þarna er nálægðin mikil og smit- og sýkingarhætta áþreifanlega til staðar. Ég held satt að segja að starfsmenn okkar geti staðið fast á því að neita að sinna þessu verkefni á þessum fordæmalausum tímum.

Eins og hér að ofan er nefnt þá fellur þetta verkefni ekki undir það sem telst lögbundin þjónusta við íbúa bæjarins og á því ekki þar við. Einnig erum við að vinna með það að kolefnisjafna okkar starfsemi og minnka losun og mengun því er það hluti af því að breyta verkferlum við þetta verkefni sem vorhreinsun er. Við þurfum að vinna að því með íbúum að hætta urðun og endurnýta allt sem garðurinn gefur af sér í moltugerð t.d. garðúrganginn, slægjuna af grasslættinum og kurla niður greinar og nota sem yfirlag í gróðurbeð og í göngustíga o.s.frv. Auðvitað fellur eitthvað til við stærri framkvæmdir sem þarf að fjarlægja úr garðinu en við vinnu við venjubundið viðhald og umhirðu garðsins er allt hægt að endurvinna.

Til að „mýkja“ áhrifin af því að hætta með þetta verkefni í núverandi mynd mætti skoða aðrar tímabundnar lausnir. T.d. væri hægt að setja upp gáma í hverfunum t.d. við grunnskólana til að taka á móti garðaúrgangi og vera með gáma í hverju hverfi fyrir sig með fyrirfram ákveðnum dagsetningum og auglýsa það þannig. Það mætti hins vegar benda á að ef þessi lausn yrði valin þá eru íbúar hvort sem er lagðir af stað með úrganginn og SORPA tekur við slíku og það myndi muna litlu að keyra með hann þangað. Þessi lausn yrði kynnt þá sem tímabundin lausn áður en hætt yrði alfarið með þessa þjónustu á vegum sveitarfélagsins. Vorhreinsun er þarft verkefni og öll viljum við að garðar bæjarins séu vel hritir og snyrtilegir sem og opnu svæðin okkar en við þurfum að temja okkur ný og betri vinnubrögð varðandi þennan verkþátt og vera þá öll á sama báti og róa í sömu átt.

Virðingarfyllt,

Björn Bögeskov Hilmarsson forstöðumaður þjónustumiðstöðvar

Ishmael R. David verkefnastjóri á framkvæmda- og rekstrardeild